

Sp.

201. Tillaga til þingsályktunar

[163. mál]

um fræðslu og upplýsingar um efnahagsmál.

Flm.: Sigurgeir Bóasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir almennri fræðslu um efnahagsmál og stuðla að því, að almenningur eigi kost á hlutlausum upplýsingum og skýringum á stöðu efnahagsmála.

Greinargerð.

Mikilvægi efnahagsmála þarf ekki að rökstyðja. Það er því afar brýnt að umræður um þessi mál byggist á þekkingu og réttum upplýsingum um stöðu þeirra.

Til að nálgast það markmið er hér lagt til í fyrsta lagi að almenn fræðsla um efnahagsmál verði tekin upp. Til að umræður um efnahagsmál nái tilgangi sínum er nauðsynlegt að meðal landsmanna sé almenn þekking á hinum ýmsu hugtökum sem notuð eru í hagfræði, hvernig þau tengjast saman, hvaða áhrif breyting á einum þætti efnahagsmála hefur á aðra þætti o. s. frv. Fyrir nokkrum árum voru slíkir fræðsluþættir í sjónvarpi og er hér lagt til að haldið verði áfram á þeirri braut.

Í öðru lagi er lagt til að almenningur eigi kost á hlutlausum upplýsingum og skýringum á stöðu efnahagsmála og er eðlilegt að Þjóðhagsstofnun annist það verkefni.

Í dag berast landsmönnum upplýsingar um efnahagsmál úr ýmsum áttum. Þjóðhagsstofnun gefur út ritið „Úr þjóðarbúskapnum“ og atvinnuvegaskýrslur auk annarra álitserða um efnahagsmál. Þessar skýrslur eru sendar stjórnmalamönnum, fjölmiðlum, hagsmunasamtökum og fleiri aðilum. Þessir aðilar miðla síðan upplýsingum til almennings hver með sínum hætti án þess að þeir, sem tóku saman upplýsingarnar, hafi þar hönd í bagga. Við þessa miðlun kemur fram mismunandi skilningur hinna ýmsu aðila á efnahagsmálum, þá blandast pólitísk viðhorf mjög inn í upplýsingamiðlun stjórnmalamanna og flokksblaða og verður niðurstaðan oft einhvers konar pólitísk túlkun á staðreyndum efnahagsmála. Afleiðing þessa er sú, að almenningur fær mjög misvisandi og mótsagnakenndar upplýsingar um efnahagsmál. Þetta veldur því meðal annars, að fólki reynist erfitt að leggja sjálfstætt mat á stöðu þessara mála og umræður um efnahagsmál bera um of keim af karpi um það, hver staða mála sé, í stað þess að snúast um stefnur í efnahagsmálum.

Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að almenningur eigi þess kost að fá upplýsingar og skýringar á efnahagsmálum beint frá þeim aðilum sem söfnuðu þessum upplýsingum og tóku saman skýringar. Þetta má gera með ýmsum hætti, t. d. með reglulegum þáttum í sjónvarpi þar sem staða efnahagsmála yrði skýrð, farið yfir þróun síðustu mánaða og lýst horfum í næstu framtíð.

Forsendur þess, að fólk geti myndað sér sjálfstæða skoðun um stefnu stjórnmalaflokkanna í efnahagsmálum, eru þær, að það hafi réttar upplýsingar um stöðu mála. Það er því annað meginmarkmiðið með þessari þingsályktunartillögu að skapa almenningi nauðsynlegar forsendur til að geta lagt sjálfstætt mat á þá valkosti sem stjórnmalaflokkarnir bjóða við lausn efnahagsmála.